

Nd.

259. Frumvarp til laga

[9. mál]

um landhelgisgæzlu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. febr.)

1. gr.

Landhelgisgæzlan er ríkisstofnun með varnarþing í Reykjavík, og er markmið hennar:

- a) Að hafa með höndum almenna löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi.
- b) Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháaska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.
- c) Að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað.
- d) Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafiss, snjóalaga, ofviðra eða annarra náttúruhamfara.
- e) Að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknnum, fiskirannsóknnum, botnrannsóknnum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni.
- f) Að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hættu af.
- g) Að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæzlu, lækna-, toll-, og vitaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.
- h) Að fylgjast með öryggis- og björgunarbúnaði skipa, ef ástæða þykir til.

Stjórn.

2. gr.

Dómsmálaráðherra hefur með höndum yfirstjórn allrar starfsemi Landhelgisgæzlunnar og gefur út nauðsynlegar reglugerðir eða fyrirmæli um almenna stjórn ýmissa þátta hennar.

3. gr.

Forseti skipar forstjóra til þess að stjórna Landhelgisgæzlunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að málefnum hennar.

4. gr.

Forstjóri ræður starfslið Landhelgisgæzlunnar, yfirmenn svo og almenna starfsmenn, og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi.

Dómsmálaráðherra setur nánari fyrirmæli um ráðningu starfsliðs að fengnum tillögum forstjóra.

Starfsmenn.

5. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því, sbr. lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli.

Skipverjar á varðskipum Landhelgisgæzlunnar skulu lögskráðir. Þó skal heimilt að flytja skipverja milli skipa eða í önnur störf, enda sé lögskráningarstjóra tilkynnt um þær breytingar.

6. gr.

Um réttindi starfsmanna til ákveðinna starfa fer að lögum og reglugerðum, sem um þau efni fjalla, svo sem atvinnuréttindi skipherra, stýrimanna, vélstjóra og flugstjóra.

7. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.

8. gr.

Við störf sín skulu starfsmennirnir bera einkennisbúninga eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Laun og kjör.

9. gr.

Laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, sem vinna að staðaldri í landi, skulu vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna.

10. gr.

Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæzlunnar.

11. gr.

Ef starfsmenn vinna ýmist í landi, á sjó eða í lofti, skulu laun þeirra ákveðast eftir aðalstarfi þeirra, en önnur kjör samkvæmt því starfi, sem þeir sinna hverju sinni.

12. gr.

Nú fær skip eða flugvél (tæki) Landhelgisgæzlunnar laun fyrir björgun verðmæta, og greiðast þá fyrst af björgunarlaunum öll þau útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður, en af afganginum $\frac{1}{4}$ — einn fjórði hluti — til áhafnar skips eða flugvélar, og skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins. Að öðru leyti renna björgunarlaun í Landhelgissjóð.

Yfirstjórn Landhelgisgæzlunnar skal heimilt að greiða af hluta Landhelgissjóðs ákveðna fjárhæð til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina.

13. gr.

Um tryggingar starfsmanna skal fara eftir lögum um almannatryggingar og viðkomandi kjarasamningum. Forstjóra skal heimilt að tryggja sérstaklega þá starfsmenn, sem mjög áhættusöm verk eiga að vinna.

14. gr.

Sérhver starfsmaður skal ganga undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni Landhelgisgæzlunnar einu sinni á ári, eða oftari ef þörf þykir.

Varðskip, gæzluflugvélar og útbúnaður.

15. gr.

Landhelgisgæzlan gerir út varðskip, gæzluflugvélar og önnur farartæki, sem nauðsynleg kunna að vera vegna gæzlu landhelginna eða annarra þarfa, sbr. 1. gr., og geta tækin annaðhvort verið eign Landhelgissjóðs, annarra ríkisstofnana, eða tekin á leigu.

16. gr.

Skip og flugvélar Landhelgisgæzlunnar skulu auðkennd með skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Varðskipin skulu einkennd nafni, en gæzluflugvélar með skrásetningareinkennum. Forstjóri ákveður í samráði við dómsmálaráðherra lit og önnur einkenni. Ekki skulu þau bera sérstakt heimilisfang.

Landhelgissjóður Íslands.

17. gr.

Í sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands, skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr. laga þessara.

18. gr.

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæzluskipum eða öðrum varanlegum tækjum til þarfa Landhelgisgæzlunnar. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstursútgjalda Landhelgisgæzlunnar.

19. gr.

Dómsmálaráðherra hefur á hendi stjórn sjóðsins. Skal ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal birtur árlega með öðrum reikningum ríkisstofnana.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 32 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim, og lög nr. 55 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, lög nr. 68 3. nóv. 1915 og lög nr. 34 4. júní 1924, um breyt. á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.